

*Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A- lista viðauki við fjárhagsáætlun 2015 að fjárhæð 30,5 m.kr. vegna launa í fræðslumálum sem mætt verði með handbæru fé. Fulltrúar T-lista sátu hjá.*

### 6. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu

Tekin til umræðu staðsetning gámavallar vegna breytinga á sorphirðu í sveitarfélaginu. Oddviti lagði til að kannað yrði iðnaðarsvæðið á Stórutjörnum fyrir staðsetningu gámavallar.

*Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna iðnaðarsvæðið á Stórutjörnum sem mögulega staðsetningu fyrir gámavöll. Ásvaldur vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.*

### Til kynningar:

- a. Fundargerð 830. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b. Fundargerð 270. fundar stjórnar Eypings
- c. Fundargerðir 174. og 175. fundar HNE
- d. Fundargerð 21. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga
- e. Fundargerðir DA og Leigufélags Hvamms frá 15.09.2015
- f. Flugklasinn Air66N – starf janúar til ágúst 2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:41



## Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag  
**12. október milli kl. 11:00 og 12:00**

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.  
Sími oddvita er 661 6292 og netfang [arnor@thingeyjarsveit.is](mailto:arnor@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri



## Eflingarbúningar

Ný búningapöntun verður gerð mánudaginn 12. október. Þeir sem vilja panta búninga sendi tölvupóst á netfangið [umefling@gmail.com](mailto:umefling@gmail.com) fyrir þann tíma. Hægt er að velja um stuttermá eða langermá treyju og er verð á settinu (treyja, stuttbuxur og sokkar) kr. 5.000,-. Einnig er hægt að panta staka treyju á 3.500,-, buxur á 1.500,- og sokka á 1.000,-

Nánari upplýsingar á heimasíðu Eflingar, [efling.hsth.is](http://efling.hsth.is) og á Facebook (Ungmennafélagið Efling, Reykjadal).

Stjórnin

## Reiðkennsla í Torfunesi haustið 2015

Í vötu verð ég, Petronella Hannula staðsett í Torfunesi. Ég er reiðkennarinn með BS, gráðu frá Háskólanum í Höllum og með mikla reynslu í þjálfun sem og reiðkennslu.

Fyrir mér er það mikilvægt að hver og einn nemandi fái þá atvægi sem hann á skilið í tímanum og þar af leiðandi hef ég ekki flúi ein fjóra í hverjum tíma. Ég tek á svöti föðu í mínumandi kennslu sem dæmi að bæta áæta knaparn, bæta samspil milli hests og knapa, vinna við hendi, hringtaums eða taubæturvinnu, bæta ganglegundir. Einnig hef ég reynslu af kennslum með knapum sem af einhverjum ástæðum hafa mist kjörin og eða bara þrá sem þú hefur áhuga á læra og eða bæta.



### Einika-/hópakennsla, 45 mín hver tími, fyrir bæði fullorðna og krakka

Einikatimar – verð: 6000 kr.  
Hópatimar með 2 í hóp – verð: 4000 kr. á mann  
Hópatimar með 3 í hóp – verð: 3000 kr. á mann  
Hópatimar með 4 í hóp – verð: 2500 kr. á mann

Þú getur einnig tekið viðhaldarkort í Torfunesi kostur þess 500 kr. aðeins í hvert skipti. Hægt er að fá hópferðir í Torfunesi á 200 kr. í hver viku.

Tímar eru pantaðir hjá Petronellu síma 849-8958 eða á [petronella.hannula@gmail.com](mailto:petronella.hannula@gmail.com).



### Opilð reiðnámskeið, 6 skipti

Hópatimar (tveir eða fjórir nemendur í hóp), 50 mín. hver reiðtími. Við skráningu þarf að koma fram: Tveggja eða fjögurra mánaða hópur, reynsla, nafn, tölvupóstur, sími og hvort þú viljst leiða hest. Raðað verður samkvæmt hópum þannig að þeir sem eru á með svipdæra reynslu og áður eða samantí hóp. Reiðkennslan verður miðuð út frá kynnáttu knapans en sýnt frónt um að öðlast gott samspil milli manns og hests, bæta jafnvægi og stjórna knapans og bæta hestinn í heild sinni.

### Dagsetningar:

11. og 25. Október, 1. og 22. Nóvember, 6. og 20. Desember  
Tímasetningar: 09:00 – 16:00, nema 20. desember þá verfatímarnir milli: 08:00-15:00.

### Verð fyrir 4 í hóp:

Verð: 15.000kr á mann með eigin hest og á einnig reiðhálarkort í Torfunesi  
Verð: 28.000kr á mann með eigin hest en á ekki reiðhálarkort í Torfunesi  
Verð: 24.000kr á mann með hest og reiðtugi í leigu frá Torfunesi

### Verð fyrir 2 í hóp:

Verð: 23.400kr á mann með eigin hest og á einnig reiðhálarkort í Torfunesi  
Verð: 26.400kr á mann með eigin hest en á ekki reiðhálarkort í Torfunesi  
Verð: 32.400kr á mann með hest og reiðtugi í leigu frá Torfunesi

Skráning fer fram hjá Baldri N. í síma 863-9222 eða á [torfunesi@gmail.com](mailto:torfunesi@gmail.com) og þjálfar skráningu 9. október.

# DALAKOFINN

## - Kótelettukvöld -

Föstudaginn 16. október kl. 20 verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkan að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti er brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávextir. Dúettinn LúXus spilar og syngur frameftir kvöldi. Miðaverð er 5.000 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 12. okt. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið [dalakofinn@dalakofinn.is](mailto:dalakofinn@dalakofinn.is)

## Brids

Fyrsta bridskvöld haustsins verður fimmtudaginn 15. október kl.20.30. Spilaður verður tvímennungur og kaffigjaldið er 500 kr. eins og áður. Allir bridsspilarar velkomnir. Spilum alla fimmtudaga í vetur.

Á heimasíðu Dalakofans [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is) eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingastaðarins og fleira

Verið ávallt velkomin  
Dalakofinn / Útibú ehf. [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)  
s. 464-3344

*endurbóta á húsnæði að fjárhæð 4 m.kr. og samþykkir þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2015 sem mætt verði með handbæru fé.*

### 2. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar 2016

Oddviti lagði til að sveitarstjórn héldi sérstakan vinnufund þann 8. október n.k. kl. 16:30 til að undirbúa fjárhagsáætlunargerð 2016.

*Samþykkt samhljóða.*

### 3. Styrktarbeiðni – Aflið

Fyrir fundinum liggur erindi frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, dags. 24. september s.l. þar sem leitað er til sveitarfélagsins um styrk til samtakanna.

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Aflið um 200 þ.kr.og samþykkir þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun, 2015 sem mætt verði með handbæru fé.*

### 4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.09.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24. september s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er þremur liðum.

2. Ófeigsstaðir og Rangá, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frekari efnistöku á umræddu svæði haustið 2015 skv. verktilhögun í greinargerð umsækjanda og með þeim fyrirvara að farið verði að fyrirælum Fiskistofu. Öll frekari efnistaka en hér um ræðir verður síðan háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar og skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2010, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn veitir frest til og með 1. júní 2016 til að skila inn tilskildum gögnum vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi til frekari efnistöku en hér um ræðir.*

3. Mýlaugsstaðir, umsókn um stofnun lóðar.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti. Ragnar vék af fundi við afgreiðslu*

*1. liðar vegna vanhæfis.*

### 5. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2015 vegna launa í fræðslumálum.



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**

**01.10.2015**

**177. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 1. október kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Eiður Jónsson í forföllum Heiðu Guðmundsdóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 6. lið;  
Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu.

*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

1. Framvinduskýrsla vegna mótvægisáðgerða
2. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar 2016
3. Styrktarbeiðni – Aflið
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.09.2015
5. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015
6. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu

**1. Framvinduskýrsla vegna mótvægisáðgerða**

Lögð fram framvinduskýrsla verkefnastjóra mótvægisáðgerða, sbr. erindisbréfi samþykkt í sveitarstjórn 20. ágúst s.l.

Þegar er hafin starfsemi í fyrrum húsnæði Litlulaugaskóla, sem er: Urðarbrunnur, þekkingar- og þróunarsetur, Þekkingarnet Þingeyinga með aðstöðu fyrir háskólastúdenta í fjarnámi sem og aðstöðu fyrir námskeið, „Heimaslóð – Efling búskapar í héraði“ verkefni á vegum Búnaðarsambanda í Þingeyjarsýslum og Opið hús félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit. Þá er Bókasafn Reykdæla og mötuneyti/eldhús fyrir leikskólann Krílabæ með sína starfsemi þar líkt og áður. Nú á haustdögum mun verkefnastjóri boða til kynningarfundar og auglýsa eftir umsóknum um aðstöðu í húsinu.

Verkefnastjóri leggur til að starfsemin fái nafnið „Seigla – miðstöð sköpunar“. Þá lagði verkefnastjóri fram kostnaðaráætlun vegna úrbóta sem talið er nauðsynlegt að fara í vegna þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 4 m.kr.

*Sveitarstjórn samþykkir að starfsemin hljóti nafnið Seigla – miðstöð sköpunar. Einnig samþykkir sveitarstjórn kostnað vegna*



**Sunnudagaskóli á  
Grenjaðarstað**

Fyrsti sunnudagaskóli vetrarins verður á  
Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag

11. október. klukkan 11:00.

Söngur sögur og leikir.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.



**Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför  
föður okkar og tengdaföður Arngríms Konráðssonar.**

***Helga, Tolla og Óli***

## Komdu í kvöld

-Kokteilpinnarnir-  
með tónleika í Kiðagili.

Anna Sæunn Ólafsdóttir, Karl Pálsson og Vallý Sigurðardóttir  
skipta um ham úr Frostpinnum og verða Kokteilpinnar,  
þann 17. október í Kiðagili.

Þar mun tríóið flytja úrval íslenskrar tónlistar frá árunum 1950-  
1980 og taka gesti með sér í tímaflakk.

Rólegri og hressri stemningu verður hrist saman í notalegan  
kokteil auk þess sem alvöru kokteilar í fljótandi formi munu  
fást á barnum.

Þá verður '**RabbaBarbara**', nýji rabbabarakokteill Kiðagils, á  
kynningartilboði.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20:00 og kostar 2000 krónur inn.

## Aðalfundarboð.

Hjálparsveir skáta Aðaldal boðar hér með til aðalfundar.

Fundurinn verður haldin í húsnæði sveitarinnar Iðjugerði 1  
Þriðjudaginn 13 okt kl 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf  
Félagsfólk fjölmennið.  
Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Með bestu kveðju  
Hallgrímur Óli Guðmundsson  
Formaður, Hjálparsveitar Skáta Aðaldal

40.tbl.  
8. okt  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



### Guðsþjónusta í Þorgeirskirkju

Guðsþjónusta verður haldin í Þorgeirskirkju  
sunnudaginn 11. október kl. 14.00. Athugið að  
fermingarfræðsla er á undan og hefst kl. 12 í  
kirkjunni og fermingar börn taka svo virkan þátt í  
guðsþjónustunni. Gengið verður að borði Drottins. Jaan Alavere  
er tónlistarstjóri, flytur ljúfa tóna á fiðlu og orgel og  
kirkjukórinn leiðir söfnuð í almennum söng. Blindur maður  
fékk sýn úr 9. kafla Jóhannesarguðspjalls er til umfjöllunar.  
Biðjum saman um mildan vetur. Sóknarfólk úr Hálssókn,  
Ljósavatnssókn, og Lundarbrenkusókn hvatt til að mæta. Verið  
öll hjartanlega velkomin!

**Verðum á ferðinni 8.9.10. og 11.  
október næstkomandi  
með vörurnar okkar.**

**Darri**